

# LÖG

## um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Markmið laga þessara er að styrkja stöðu mannréttinda barna.

#### 2. gr.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins hefur lagagildi á Íslandi. Með þessum samningi er átt við eftirfarandi samning og valfrjálssar bókanir við hann:

- a. samning frá 20. nóvember 1989 um réttindi barnsins,
- b. valfrjálssa bókun frá 25. maí 2000 við samninginn um réttindi barnsins um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám,
- c. valfrjálssa bókun frá 25. maí 2000 við samninginn um réttindi barnsins um þátttöku barna í vopnuðum átökum.

Samningurinn um réttindi barnsins ásamt framangreindum valfrjálssum bókunum við hann, sbr. 1. mgr., er birtur sem fylgiskjal með lögum þessum.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### 4. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um félagshjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum:* Við 1. mgr. 58. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Barn á rétt á að láta í ljós skoðanir sínar á málum sem það varða miðað við aldur þess og þroska.
2. *Lög um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum:* Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:
  - a. Á eftir 2. másl. 3. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Fötluð börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar um þjónustu þeim til handa miðað við aldur þeirra og þroska.
  - b. Í stað orðsins „hans“ í 3. másl. 3. mgr. kemur: fatlaðs einstaklings.
3. *Lög um fullnustu refsinga, nr. 49/2005, með síðari breytingum:* Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fangar sem eru undir 18 ára aldri skulu vistaðir á heimili á vegum barnaverndaryfirvalda, nema sérstakar ástæður séu til að vista þá í fangelsi. Um slíka vistun gilda ákvæði laganna eins og við á. Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd vistunar samkvæmt þessari málsgrein.

*Gjört í Reykjavík, 6. mars 2013.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Ögmundur Jónasson.*

**Fylgiskjal.****Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins,  
nr. 18 2. nóvember 1992.****Inngangur.**

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum, sem telja, í samræmi við meginreglur þær er fram koma í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, að viðurkenning á meðfæddri göfgi og jöfnum óaðskiljanlegum réttindum allra manna sé grundvöllur frelsis, réttlætis og friðar í heiminum,

sem hafa í huga að hinar Sameinuðu þjóðir hafa í sáttmálanum enn staðfest trú sína á grundvallarmannréttindi og virðingu og gildi allra manna, og hafa einsett sér að stuðla að félagslegum framförum og bættum lífskjörum við meira frjálsræði,

sem viðurkenna að Sameinuðu þjóðirnar hafa í mannréttindayfirlýsingunni og í alþjóðasamningunum um mannréttindi lýst því yfir og samþykkt að hver maður skuli eiga kröfu á réttindum þeim og frelsi sem þar er lýst, án nokkurs greinarmunar, svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnámálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna,

sem minnst þess að hinar Sameinuðu þjóðir hafa lýst því yfir í mannréttindayfirlýsingunni að börnum beri sérstök vernd og aðstoð,

sem eru sannfærð um að veita beri fjölskyldunni, sem grundvallareiningu samfélagsins og hinu eðlilega umhverfi til vaxtar og velfarnaðar allra meðlima sinna, en sérstaklega þó barna, nauðsynlega vernd og aðstoð til að sinna til hlítar þeirri ábyrgð sem á henni hvílir í samfélaginu,

sem viðurkenna að barn eigi að alast upp innan fjölskyldu, við hamingju, ást og skilning, til þess að persónuleiki þess geti mótast á heilsteypant og jákvæðan hátt,

sem telja að undirbúa beri barnið að fullu til að lifa sjálfstæðu lífi innan samfélagsins, og ala það upp í anda þeirra hugsjóna sem lýst er í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, sérstaklega í anda friðar, virðingar, umburðarlyndis, frelsis, jafnréttis og samstöðu,

sem minnst þess að þeirrar nauðsynjar að barninu sé veitt sérstök vernd hefur verið getið í Genfaryfirlýsingu um réttindi barnsins frá 1924 og í yfirlýsingu um réttindi barnsins sem samþykkt var á allsherjarþinginu hinn 20. nóvember 1959, og hefur hún verið viðurkennd í mannréttindayfirlýsingunni, í alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnámáleg réttindi (sérstaklega 23. og 24. gr.), í alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (sérstaklega 10. gr.), og í samþykktum og ýmsum löggæringum sérstofnana og alþjóðastofnana sem láta sig velferð barna varða,

sem hafa í huga að barn þarfnist þess „að því sé látin í té sérstök vernd og umönnun þar sem það hafi ekki tekið út líkamlegan og andlegan þroska, þar á meðal viðeigandi lögvernd, jafnt fyrir sem eftir fæðingu“, eins og segir í yfirlýsingunni um réttindi barnsins,

sem minnst ákvæða yfirlýsingarinnar um félagslegar og lagalegar meginreglur um vernd barna og velferð með sérstakri hliðsjón af fósttri barna og ættleiðingu innan lands og milli ríkja, almennra lágmarksreglna Sameinuðu þjóðanna um meðferð afbrotamála ungmenna (Beijing-reglnanna), og yfirlýsingarinnar um vernd kvenna og barna er neyð ríkir eða ófriður geisar,

sem gera sér grein fyrir að í öllum löndum heims eru börn sem búa við sérstaklega erfiðar aðstæður, og að þau þarfnist sérstakrar athygli,

sem taka fullt tillit til þess hversu mikilvægar siðvenjur og menningararfleifið hvernar þjóðar eru til þess að vernda barnið og tryggja að það þroskist á jákvæðan hátt, sem viðurkenna mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu svo bæta megi lífsskjör barna í öllum löndum, en þó sérstaklega í þróunarlöndum, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

### I. hluti.

#### 1. gr.

Í samningi þessum merkir barn hvern þann einstakling sem ekki hefur náð 18 ára aldri, nema hann nái fyrr lögræðisaldri samkvæmt lögum þeim sem hann lýtur.

#### 2. gr.

1. Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ættneris eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.

2. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að barni sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima, eða sjónarmiða sem þeir láta í ljós eða skoðana þeirra.

#### 3. gr.

1. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.

2. Með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd starfi í samræmi við reglur sem þar til bær stjórnvöld hafa sett, einkum um öryggi, heilsuvernd og fjölda og hæfni starfsmanna, svo og um tilhlýðilega yfirumsjón.

#### 4. gr.

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau, sem viðurkennd eru í samningi þessum, komi til framkvæmda. Hvað efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi snertir skulu aðildarríki gera slíkar ráðstafanir að því marki sem þau framast hafa bolmagn til, og með alþjóðlegri samvinnu þar sem þörf krefur.

#### 5. gr.

Aðildarríki skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra, eða eftir því sem við á þeirra sem tilheyra stórfjölskyldu eða samfélagi samkvæmt staðbundnum venjum, eða lögráðamanna eða annarra sem að lögum eru ábyrgir fyrir barni, til að veita því tilhlýðilega leiðsögn og handleiðslu í samræmi við vaxandi þroska þess er það beitir réttindum þeim sem viðurkennd eru í samningi þessum.

## 6. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna að sérhvert barn hefur meðfæddan rétt til lífs.
2. Aðildarríki skulu eftir fremsta megni tryggja að börn megi lifa og þroskast.

## 7. gr.

1. Barn skal skráð þegar eftir fæðingu, og á það frá fæðingu rétt til nafns, rétt til að öðlast ríkisfang, og eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.
2. Aðildarríki skulu tryggja að réttindum þessum sé komið í framkvæmd í samræmi við lög sín og skuldbindingar í viðeigandi alþjóðasamningum á þessu sviði, einkum í þeim tilvikum þegar barn yrði ella ríkisfangslaust.

## 8. gr.

1. Aðildarríki skuldbinda sig til að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, þar með töldu ríkisfangi sínu, nafni og fjölskyldutengslum eins og viðurkennt er með lögum, án ólögmatra afskipta.
2. Sé barn ólöglega svipt einhverju eða öllu því sem auðkennir það sem einstakling skulu aðildarríkin veita viðeigandi aðstoð og vernd í því skyni að bæta úr því sem fyrst.

## 9. gr.

1. Aðildarríki skulu tryggja að barn sé ekki skilið frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra, nema þegar lögbær stjórnvöld ákveða samkvæmt viðeigandi lögum og reglum um málsmeðferð að aðskilnaður sé nauðsynlegur með tilliti til hagsmuna barnsins enda sé sú ákvörðun háð endurskoðun dómstóla. Slík ákvörðun kann að vera nauðsynleg í ákveðnum tilvikum, svo sem ef barn sætir misnotkun eða er vanrækt af foreldrum sínum, eða þegar foreldrar búa ekki saman og ákveða verður hver skuli vera dvalarstaður þess.
2. Við alla málsmeðferð samkvæmt 1. tölul. þessarar greinar skal veita öllum aðilum sem hagsmuna hafa að gæta kost á að taka þátt í málsmeðferð og að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.
3. Aðildarríki skulu virða rétt barns sem skilið hefur verið frá foreldri eða foreldrum sínum til að halda persónulegum tengslum og beinu sambandi við þau bæði með reglubundnum hætti, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess.
4. Nú á aðskilnaður rætur að rekja til aðgerða af hálfu aðildarríkis, svo sem varðhalds, fangelsunar, útleigðar, brottvísunar úr landi eða andláts annars hvors foreldranna eða beggja eða barnsins (þar á meðal andláts af hvaða orsök sem er meðan ríkið hafði hinn látna í gæslu), og skal þá aðildarríkið þegar þess er beiðst veita foreldrunum eða barninu, eða öðrum í fjölskyldu þeirra ef við á, nauðsynlega vitneskju um hvar þeir fjölskyldumeðlimir eru niðurkomnir, sem fjarverandi eru, enda skaði það ekki barnið að láta vitneskjuna í té. Aðildarríki skulu enn fremur sjá til þess að það eitt að slík beiðni sé borin fram hafi ekki slæmar afleiðingar fyrir það fólk sem í hlut á.

## 10. gr.

1. Í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt 1. tölul. 9. gr. skulu aðildarríki með jákvæðu hugarfari, mannúðlega og með skjótum hætti afgreiða beiðni barns eða foreldris þess um að koma til eða fara frá aðildarríki vegna endurfunda fjölskyldu. Aðildarríki skulu enn fremur sjá til þess að það eitt að slík beiðni sé borin fram hafi ekki slæmar afleiðingar fyrir beiðendur eða aðra í fjölskyldu þeirra.

2. Barn sem á foreldra búsetta í mismunandi ríkjum á rétt til þess að halda persónulegum tengslum og beinu sambandi við þau bæði með reglubundnum hætti, nema sérstaklega standi á. Í því skyni, og í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt 1. tölul. 9. gr., skulu aðildarríki virða rétt barns og foreldra þess til að fara frá hvaða landi sem er, þar á meðal eigin landi, og til að koma til eigin lands. Réttur til að fara frá hvaða landi sem er skal einungis háður þeim takmörkunum sem ákveðnar eru með lögum og nauðsynlegar eru til að gætt sé öryggis þjóðarinnar, allsherjarreglu (ordre public), heilbrigðis almennings eða siðgæðis, eða réttar og frelsis annarra, og sem samræmast öðrum réttindum viðurkenndum í samningi þessum.

#### 11. gr.

1. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir gegn því að börn séu ólöglega flutt úr landi og haldið erlendis.

2. Í því skyni skulu aðildarríki stuðla að því að gerðir séu um það tvíhliða eða marghliða samningar, eða aðild fengin að samningum sem þegar hafa verið gerðir.

#### 12. gr.

1. Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

2. Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

#### 13. gr.

1. Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.

2. Láta má rétt þennan sæta vissum takmörkunum, en þó aðeins að því marki sem mælt er fyrir í lögum og er nauðsynlegt

- a. til þess að virða réttindi eða mannorð annarra, eða
- b. til að gæta öryggis þjóðarinnar eða allsherjarreglu (ordre public), eða heilbrigðis almennings eða siðgæðis.

#### 14. gr.

1. Aðildarríki skulu virða rétt barns til frjálstrar hugsunar, sannfæringar og trúar.

2. Aðildarríki skulu virða rétt og skyldur foreldra, og lögráðamanna, eftir því sem við á, til að veita barni leiðsögn við að beita rétti sínum á þann hátt sem samræmist vaxandi þroska þess.

3. Frelsi til að láta í ljós trú eða skoðun skal einungis háð þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í lögum og eru nauðsynlegar til að gæta öryggis almennings, allsherjarreglu, heilsu almennings eða siðgæðis, eða grundvallarréttinda og frelsis annarra.

#### 15. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að mynda félög með öðrum og koma saman með öðrum með friðsömum hætti.

2. Þessi réttindi skulu ekki háð öðrum takmörkunum en þeim sem settar eru í samræmi við lög og nauðsynlegar eru í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna öryggis þjóðarinnar eða almennings, allsherjarreglu (ordre public), verndunar heilbrigðis almennings eða siðgæðis eða verndunar réttinda og frelsis annarra.

#### 16. gr.

1. Eigi má láta barn sæta gerræðislegum eða ólögumætum afskiptum af einkalífi þess, fjölskyldu, heimili eða bréfum, né ólögumætri árás á sæmd þess eða mannorð.
2. Barn á rétt á vernd laganna fyrir slíkum afskiptum og árásum.

#### 17. gr.

Aðildarríki viðurkenna mikilvægi fjölmiðla, og skulu þau sjá um að barn eigi aðgang að upplýsingum og efni af ýmsum uppruna frá eigin landi og erlendis frá, einkum því sem ætlað er að stuðla að félagslegri, andlegri og siðferðislegri velferð þess, og líkamlegu og geðrænu heilbrigði. Aðildarríki skulu í þessu skyni:

- a. Hvetja fjölmiðla til að dreifa upplýsingum og efni sem börn njóta góðs af félagslega og menningarlega og samræmist anda 29. gr.
- b. Stuðla að alþjóðlegri samvinnu við undirbúning, skipti og dreifingu á slíkum upplýsingum og efni af fjölbreyttum uppruna, menningarlegum, þjóðlegum og alþjóðlegum.
- c. Stuðla að því að barnabækur séu samdar og þeim dreift.
- d. Hvetja fjölmiðla til að taka sérstakt tillit til tungumálaparfa barns sem tilheyrir minnihlutahópi eða er af frumbyggjaættum.
- e. Stuðla að því að mótaðar verði viðeigandi leiðbeiningarreglur um vernd barns fyrir upplýsingum og efni sem skaðað getur velferð þess, með ákvæði 13. og 18. gr. í huga.

#### 18. gr.

1. Aðildarríki skulu gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Foreldrar, eða lögráðamenn, ef við á, bera aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska. Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga.

2. Til þess að tryggja og efla réttindi þau sem kveðið er á um í samningi þessum skulu aðildarríki veita foreldrum og lögráðamönnum viðeigandi aðstoð við að rækja uppeldisskyldur sínar og sjá til þess að byggðar séu upp stofnanir og aðstaða og þjónusta veitt til umönnunar barna.

3. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að börn foreldra sem stunda atvinnu fái notið góðs af þjónustu og aðstöðu til umönnunar barna sem þau kunna að eiga rétt á.

#### 19. gr.

1. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórn-sýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni.

2. Eftir því sem við á skulu meðal slíkra verndarráðstafana vera virkar ráðstafanir til að koma á félagslegri þjónustu til að veita barni og þeim sem hafa það í sinni umsjá nauðsynlegan stuðning, og til að koma á öðrum forvörnum, svo og til að greina, tilkynna, vísa áfram,

rannsaka, taka til meðferðar og fylgjast með tilfellum er barn hefur sætt illri meðferð svo sem lýst hefur verið, svo og ef við á til að tryggja afskipti dómara.

#### 20. gr.

1. Barn sem tímabundið eða til frambúðar nýtur ekki fjölskyldu sinnar, eða sem með tilliti til þess sem því sjálfu er fyrir bestu er ekki unnt að leyfa að sé lengur innan um fjölskyldu sína, á rétt á sérstakri vernd og aðstoð ríkisvaldsins.

2. Aðildarríki skulu í samræmi við lög sín sjá barni sem þannig er ástatt um fyrir annarri umönnun.

3. Slík umönnun getur m.a. falist í fóstri, kafalah samkvæmt íslömskum lögum, ættleiðingu eða, ef nauðsyn krefur, vistun á viðeigandi stofnun sem annast börn. Þegar lausna er leitað skal tekið tilhlýðilegt tillit til þess að æskilegt er að stöðugleiki verði í uppeldi barns og til þjóðlegs, trúarlegs og menningarlegs uppruna þess og tungumáls.

#### 21. gr.

Aðildarríki sem viðurkenna og/eða leyfa ættleiðingu skulu tryggja að fyrst og fremst sé litið til þess sem barni er fyrir bestu, og skulu:

- a. Sjá til þess að ættleiðing barns sé aðeins heimiluð af þar til bærum stjórnvöldum sem ákveða samkvæmt viðeigandi lögum og reglum um málsmeðferð og á grundvelli viðeigandi og áreiðanlegra upplýsinga að ættleiðing sé leyfileg með hliðsjón af stöðu barnsins gagnvart foreldrum þess, skyldmönnum og lögráðamönnum og þeir sem í hlut eiga hafi ef þess er krafist veitt samþykki sitt fyrir ættleiðingu, að íhuguðu máli og að fenginni nauðsynlegri ráðgjöf.
- b. Viðurkenna að taka megi ættleiðingu milli landa til athugunar sem aðra leið til að sjá barni fyrir umönnun, ef ekki er unnt að koma því í fóstur eða til ættleiðingar eða veita því með einhverjum viðeigandi hætti umönnun í upprunalandi sínu.
- c. Sjá til þess að barn sem ættleitt er milli landa njóti sömu verndar og við ættleiðingu innan lands og um það gildi sömu reglur.
- d. Gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ættleiðing milli landa hafi ekki í för með sér óeðlilegan fjárgróða fyrir þá sem hlut eiga að henni.
- e. Stuðla að því, þar sem við á, að markmiðum greinar þessarar verði náð með því að koma á tvíhliða eða marghliða tilhögun eða samningum, og leitast innan þess ramma við að tryggja að þar til bær stjórnvöld eða stofnanir sjái um að koma barni fyrir í öðru landi.

#### 22. gr.

1. Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að barn sem leitar eftir réttarstöðu sem flóttamaður, eða sem talið er flóttamaður samkvæmt viðeigandi reglum og starfsháttum þjóðaréttar eða landslaga, fái, hvort sem það er í fylgd foreldra eða annarra eða ekki, viðeigandi vernd og mannúðlega aðstoð við að nýta sér þau réttindi sem við eiga og kveðið er á um í samningi þessum og öðrum alþjóðlegum löggæringum á sviði mannréttinda- eða mannúðarmála sem ríki þau er um ræðir eiga aðild að.

2. Í þessu skyni skulu aðildarríki veita Sameinuðu þjóðunum, svo og öðrum hæfum milliríkjastofnunum eða stofnunum, sem ríki eiga ekki aðild að, er hafa samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar, alla þá samvinnu er þau telja að við eigi, í viðleitni þeirra til að vernda og aðstoða börn sem þannig er ástatt um, og við að leita uppi foreldra barns sem er flóttamaður, eða aðra í fjölskyldu þess, til að afla upplýsinga sem þörf er á til að fjölskyldan geti sameinast. Þegar ekki er unnt að hafa uppi á foreldrum eða öðrum í fjölskyldunni skal veita barni sömu vernd

og hverju því barni ber sem til frambúðar eða tímabundið nýtur ekki fjölskyldu sinnar, hver sem ástæða þess er, eins og kveðið er á um í samningi þessum.

#### 23. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna að andlega eða líkamlega fatlað barn skuli njóta fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þess og stuðla að sjálfsbjörg þess og virkri þátttöku í samfélaginu.

2. Aðildarríki viðurkenna rétt fatlaðs barns til sérstakrar umönnunar, og skulu þau stuðla að því og sjá um að barni sem á rétt á því, svo og þeim er hafa á hendi umönnun þess, verði eftir því sem föng eru á veitt sú aðstoð sem sótt er um og hentar barninu og aðstæðum foreldra eða annarra sem annast það.

3. Með tilliti til hinna sérstöku þarfa fatlaðs barns skal aðstoð samkvæmt 2. tölul. þessarar greinar veitt ókeypis þegar unnt er, með hliðsjón af efnahag foreldra eða annarra sem hafa á hendi umönnun þess, og skal hún miðuð við að tryggt sé að fatlaða barnið hafi í raun aðgang að og njóti menntunar, þjálfunar, heilbrigðisþjónustu, endurhæfingar, starfsundirbúnings og möguleika til tólmstundaiðju, þannig að stuðlað sé að sem allra mestri félagslegri aðlögun og þroska þess, þar á meðal í menningarlegum og andlegum eignum.

4. Aðildarríki skulu í anda alþjóðlegrar samvinnu stuðla að því að skipst sé á viðeigandi upplýsingum um fyrirbyggjandi heilsugæslu og læknisfræðilega, sálfræðilega og starfræna meðferð fatlaðra barna, þar á meðal með dreifingu á og aðgangi að upplýsingum um endurhæfingaraðferðir, menntun og atvinnuhjálp, er miði að því að gera aðildarríkjum kleift að bæta getu sína og færni og auka reynslu sína að þessu leyti. Hvað þetta snertir skal tekið sérstakt tillit til þarfa þróunarlanda.

#### 24. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og aðstöðu til lækni meðferðar og endurhæfingar. Aðildarríki skulu kappkosta að tryggja að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu.

2. Aðildarríki skulu stefna að því að réttur þessi komist að fullu til framkvæmda, og einkum gera viðeigandi ráðstafanir:

- a. Til að draga úr ungbarna- og barnadauða.
- b. Til að tryggja öllum börnum nauðsynlega lækniástoð og heilbrigðisþjónustu, með áherslu á uppbyggingu heilsugæslu.
- c. Til að berjast gegn sjúkdómum og vannæringu, þar á meðal innan heilsugæslunnar, m.a. með því að beita þeirri tækniþekkingu sem er auðveldlega tiltæk og með því að útvega nægilega holla fæðu og hreint drykkjarvatn um leið og tekið sé tillit til hættu á umhverfismengun og áhrifa af völdum hennar.
- d. Til að tryggja mæðrum viðeigandi heilbrigðisþjónustu fyrir og eftir fæðingu.
- e. Til að sjá um að allir þjóðfélags hópar, en einkum foreldrar og börn, fái upplýsingar um og eigi aðgang að fræðslu og fái aðstoð við að beita grundvallarþekkingu á heilbrigði barna og næringu, kostum brjóstgjafar, hreinlæti, umhverfishreinlæti og slysavörnum.
- f. Til að þróa heilsuvernd, leiðbeiningar til foreldra og fræðslu og aðstoð við fjölskylduáætlanir.

3. Aðildarríki skulu gera allar þær ráðstafanir sem vænlegar eru til árangurs og við eiga í því skyni að ryðja úr vegi hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði barna.



4. Aðildarríki skuldbinda sig til að stuðla að og hvetja til alþjóðasamvinnu er beinist að því að smám saman komi réttur sá sem viðurkenndur er í grein þessari til fullra framkvæmda. Hvað þetta snertir skal tekið sérstakt tillit til þarfa þróunarríkja.

25. gr.

Aðildarríki viðurkenna að barn sem þar til bær stjórnvöld hafa falið öðrum til umönnunar, verndar eða meðferðar vegna líkamlegrar eða andlegrar vanheilsu eigi rétt á að meðferð þess og allar aðrar aðstæður sem að vistinni lúta sæti athugun reglulega.

26. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt hvers barns til að njóta félagslegrar aðstoðar, þar með talið almannatrygginga, og skulu þau gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt lögum sínum til að rétti þessum sé komið til fullra framkvæmda.

2. Bætur skulu þar sem við á veittar með hliðsjón af efnunum og aðstæðum barns og þeirra sem bera ábyrgð á framfærslu þess, svo og öllu öðru sem snertir umsókn um bætur lagða fram af barninu eða öðrum fyrir þess hönd.

27. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt hvers barns til lífsafkomu sem nægir því til að ná líkamlegum, sálrænum, andlegum, siðferðislegum og félagslegum þroska.

2. Foreldrar eða foreldri, eða aðrir sem ábyrgir eru fyrir uppeldi barns, bera höfuðábyrgð á því í samræmi við getu sína og fjárhagsaðstæður að sjá barni fyrir þeim lífsskilyrðum sem eru því nauðsynleg til að komast til þroska.

3. Aðildarríki skulu í samræmi við aðstæður sínar og efni gera viðeigandi ráðstafanir til að veita foreldrum og öðrum sem ábyrgir eru fyrir uppeldi barns aðstoð til að neyta þessa réttar, og skulu þegar þörf krefur láta í té efnislega aðstoð og sjá fyrir stuðningsúrræðum, einkum að því er fæði, klæðnað og húsnæði snertir.

4. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að innheimta framfærslueyri með barni frá foreldrum eða öðrum sem bera fjárhagslega ábyrgð á barninu, bæði innan lands og frá útlöndum. Einkum skulu þau stuðla að aðild að alþjóðasamningum eða að gerð slíkra samninga svo og gera aðrar ráðstafanir sem við eiga þegar sá sem ber fjárhagslega ábyrgð á barninu býr í öðru ríki en barnið.

28. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til menntunar og skulu þau, til þess að réttur þessi nái fram að ganga stig af stigi og þannig að allir njóti sömu tækifæra, einkum:

- a. Koma á skyldu til grunnmenntunar sem allir geti notið ókeypis.
- b. Stuðla að þróun ýmiss konar framhaldsmenntunar, þar á meðal almennrar menntunar og starfsmenntunar, veita öllum börnum kost á að njóta hennar, og gera aðrar ráðstafanir sem við eiga, svo sem með því að veita ókeypis menntun og bjóða fjárhagslega aðstoð þeim sem hennar þurfa með.
- c. Veita öllum kost á æðri menntun eftir hæfileikum, með hverjum þeim ráðum sem við eiga.
- d. Sjá til þess að upplýsingar og ráðgjöf um nám og starfsval séu fyrir hendi og aðgengilegar öllum börnum.
- e. Gera ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr því að nemendur hverfi frá námi.

2. Aðildarríki skulu gera allt það sem við á til að tryggja að námsaga sé haldið uppi með þeim hætti sem samrýmist mannlegri reisu barnsins og í samræmi við samning þennan.

3. Aðildarríki skulu stuðla að og hvetja til alþjóðasamvinnu um menntamál, einkum í því skyni að leggja fram skerf til útrýmingar á vanþekkingu og ólæsi hvarvetna í heiminum, og greiða fyrir aðgangi að vísinda- og tækniþekkingu og nútímakennsluaðferðum. Hvað þetta snertir skal tekið sérstakt tillit til þarfa þróunarríkja.

#### 29. gr.

1. Aðildarríki eru sammála um að menntun barns skuli beinast að því að:

- a. Rækta eftir því sem frekast er unnt persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess.
- b. Móta með því virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi og grundvallarsjónarmiðum þeim er fram koma í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða.
- c. Móta með því virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunnið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs.
- d. Undirbúa barn til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og vináttu milli allra þjóða, þjóðháttá-, þjóðernis- og trúarhópa, og fólks af frumbyggjaættum.
- e. Að móta með því virðingu fyrir náttúrulegu umhverfi mannsins.

2. Eigi skal líta svo á að í grein þessari eða í 28. gr. sé fólgin nein íhlutun í rétt manna og hópa til að koma á fót og stjórna menntastofnunum, enda sé ávallt gætt þeirra meginreglna, sem fram koma í 1. tölul. þessarar greinar, og lágmarkskrafna sem ríkisvaldið kann að gera til menntunar sem slíkar stofnanir veita.

#### 30. gr.

Í ríkjum þar sem minnihlutahópar hafa myndast vegna sérstakra þjóðháttá, trúarbragða eða tungumála, eða þar sem frumbyggjar eru, skal barni sem heyrir til slíks hóps ekki meinað að njóta eigin menningar, játa og iðka eigin trú, og nota eigið tungumál í samfélagi með öðrum í hópnum.

#### 31. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til hvíldar og tómsunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess, og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.

2. Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómsundaiðju.

#### 32. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að vera verndað fyrir arðráni og vinnu sem líklegt er að því stafi hætta af eða komið gæti niður á námi þess eða skaðað heilsu þess eða líkamlegan, sálrænan, andlegan, siðferðislegan eða félagslegan þroska.

2. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnslu, félagsmála og menntamála til að tryggja framkvæmd þessarar greinar. Í því skyni, og með hliðsjón af viðeigandi ákvæðum annarra alþjóðlegra löggæringa, skulu aðildarríki einkum:

- a. Kveða á um lágmarksaldursmark eða -mörk til ráðningar í starf.
- b. Setja viðeigandi reglur um vinnutíma og vinnuskilyrði.

- c. Mæla fyrir um viðeigandi refsingar eða önnur viðurlög til að tryggja að ákvæðum grein-  
ar þessarar verði framfylgt á virkan hátt.

33. gr.

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal á sviði löggjafar, stjórn-  
sýslu, félagsmála og menntamála, til verndar börnum gegn ólöglegri notkun ávana- og fíkn-  
efna og skynvilluefna svo sem þau eru skilgreind í alþjóðasamningum sem um þau fjalla, og  
til að koma í veg fyrir að börn séu notuð við ólöglega framleiðslu slíkra efna og verslun með  
þau.

34. gr.

Aðildarríki skuldbinda sig til að vernda börn fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða  
misnotkun í kynferðislegum tilgangi. Í þeim tilgangi skulu þau einkum gera allt sem við á,  
bæði innan lands og með tvíhliða og marghliða ráðstöfunum, til að koma í veg fyrir:

- Að barn sé talið á eða þvingað til að taka þátt í hvers konar ólögmati kynferðislegri  
háttsemi.
- Að börn séu notuð til vændis eða annarra ólögmatra kynferðisathafna.
- Að börn séu notuð í klámsýningum eða til að búa til klámefni.

35. gr.

Aðildarríki skulu gera allt sem við á, bæði innan lands og með tvíhliða og marghliða ráð-  
stöfunum, til að koma í veg fyrir brottmál barna, sölu á börnum og verslun með börn í hvaða  
tilgangi sem er, og hvernig sem slíkt á sér stað.

36. gr.

Aðildarríki skulu vernda börn gegn hvers kyns annarri notkun sem á einhvern hátt getur  
stefnt velferð þeirra í hættu.

37. gr.

Aðildarríki skulu gæta þess að:

- Ekkert barn sé látið sæta pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirð-  
andi meðferð eða refsingu. Ekki skal ákveða dauðarefsingu eða lífstíðarfangelsi án  
möguleika á lausn fyrir afbrot sem yngri menn en 18 ára hafa framið.
- Ekkert barn sé ólöglega eða gerræðislega svipt frjálrsæði sínu. Handtaka, varðhald og  
fangelsun barns skal eiga sér stað samkvæmt lögum, og skal slíku aðeins beitt sem síð-  
asta úrræði og í skemmsta tíma sem við getur átt.
- Farið sé mannúðlega með hvert það barn sem svipt er frjálrsæði sínu og af virðingu fyrir  
meðfæddri göfgi manna og með þeim hætti að tekið sé tillit til þarfa einstaklings á þeim  
aldri sem um ræðir. Einkum skal halda hverju því barni sem svipt er frjálrsæði sínu að-  
skildu frá fullorðnum, nema ef talið er að því sé fyrir bestu að gera það ekki, og á barn  
rétt á að halda tengslum við fjölskyldu sína með bréfaskriftum og heimsóknum, nema  
sérstaklega standi á.
- Hvert það barn sem svipt er frjálrsæði eigi rétt á skjótri lögfræðilegri aðstoð og annarri  
viðeigandi aðstoð, svo og rétt til að vefengja lögmati frjálrsæðissviptingar sinnar fyrir  
dómstól eða öðru þar til bærur óháðu og óhlutdrægu stjórnvaldi, og til að fá skjótan úr-  
skurð þar um.

## 38. gr.

1. Aðildarríki skuldbinda sig til að virða og tryggja virðingu fyrir þeim alþjóðlegu mannúðarreglum sem gilda gagnvart þeim í vopnaátökum og varða börn.
2. Aðildarríki skulu gera allar raunhæfar ráðstafanir til að tryggja að þeir sem ekki hafa náð 15 ára aldri taki ekki beinan þátt í vopnaviðskiptum.
3. Aðildarríki skulu forðast að kalla þá sem hafa ekki náð 15 ára aldri til herþjónustu. Við herkvaðningu þeirra sem náð hafa 15 ára aldri en hafa ekki náð 18 ára aldri skulu aðildarríki leitast við að láta hina elstu ganga fyrir.
4. Í samræmi við skyldur sínar samkvæmt alþjóðlegum mannúðarreglum til að vernda óbreytta borgara í vopnaátökum skulu aðildarríki gera allar raunhæfar ráðstafanir til að tryggja börnum, sem áhrif vopnaátaka ná til, vernd og umönnun.

## 39. gr.

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að því að barn, sem sætt hefur vanrækslu, notkun eða misnotkun af nokkru tagi, pyndingum eða annars konar grimmi-legri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, eða er fórnarlamb vopnaátaka, hljóti líkamlegan og sálrænan bata og aðlagist samfélaginu á ný. Leita skal bata og aðlögunar í umhverfi sem hlynnir að heilsu, sjálfsvirðingu og göfgi barnsins.

## 40. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt hvers þess barns, sem er grunað, ásakað eða fundið sekt um brot á refsilögum, til meðferðar sem styrkir vitund þess um eigin göfgi og manngildi, sem treystir virðingu þess fyrir mannréttindum og mannfrelsi annarra, og sem tekur tillit til aldurs barnsins og þess að æskilegt sé að stuðla að aðlögun þess og því að það gegni jákvæðu hlutverki í samfélaginu.
2. Skulu aðildarríki í þessu skyni, og með hliðsjón af viðeigandi ákvæðum alþjóðlegra löggæringa, einkum sjá til þess að:
  - a. Ekkert barn sé grunað, ásakað eða fundið sekt um brot á refsilögum vegna verknaða eða aðgerðarleysis sem ekki var lagt bann við í landslögum eða að þjóðarétti á þeim tíma er verknaðurinn eða aðgerðarleysið átti sér stað.
  - b. Hvert það barn sem grunað er eða ásakað um refsilagabrot njóti eftirgreindra lágmarksréttinda:
    - i. Að vera talið saklaust þar til það er fundið sekt að lögum.
    - ii. Að fá vitneskju um kærurnar gegn því án tafar og beint, og, ef við á, fyrir milligöngu foreldra sinna eða lögráðamanna og að njóta lögfræðilegrar aðstoðar eða annarrar viðeigandi aðstoðar við undirbúning og framsetningu á vörn sinni.
    - iii. Að fá gert út um mál sitt án tafar af þar til bæru, óháðu og óhlutdrægu yfirvaldi eða dómstól, við réttláta og lögmælt rannsókn, enda sé til staðar lögfræðileg eða önnur viðeigandi aðstoð, svo og foreldrar þess eða lögráðamenn, nema það sé ekki talið barninu fyrir bestu, sérstaklega með tilliti til aldurs eða aðstæðna þess.
    - iv. Að verða ekki þröngvað til að bera vitni eða játa á sig sök, að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn því, og að vitni þess komi fyrir og séu spurð við sömu aðstæður.
    - v. Að ákvörðun um að það hafi brotið gegn refsilögum svo og ráðstafanir sem gerðar eru vegna hennar séu endurskoðaðar af æðra þar til bæru óháðu og óhlutdrægu yfirvaldi eða dómstól samkvæmt lögum.

- vi. Að fá ókeypis aðstoð tólks ef barnið skilur ekki eða talar ekki tungumál það sem notað er.
  - vii. Að friðhelgi einkalífs þess sé virt að fullu á öllum stigum málsmeðferðarinnar.
3. Aðildarríki skulu hvetja til þess að settar séu lagareglur, og reglur um málsmeðferð, skipuð stjórnvöld og settar á fót stofnanir sérstaklega fyrir börn sem eru grunuð, ásökuð eða fundin sek um refsilagabrot, og einkum:
- a. Ákveða þann lágmarksaldur, sem börn verða að hafa náð til þess að vera talin sakhæf.
  - b. Gera, þegar það á við og þykir henta, ráðstafanir til að fara með mál slíkra barna án þess að leita til dómstóla, enda sé mannréttinda og lögverndar gætt að fullu.
4. Séð skal til þess að grípa megi til ýmiss konar ráðstafana, svo sem umsjónar, leiðsagnar, eftirlits, ráðgjafar, skilorðs, fósturs, fræðslu- og starfsnámsáætlana og annarra valkosta í stað vistunar á stofnunum, til að tryggja að með börn sé farið á þann hátt sem velferð þeirra hæfir og samræmist bæði aðstæðum þeirra og brotinu.

#### 41. gr.

Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á reglur sem stuðla frekar að því að réttindi barnsins komist til framkvæmda og vera kunna í

- a. lögum aðildarríkis, eða
- b. alþjóðalögum sem í gildi eru gagnvart því ríki.

## II. hluti.

#### 42. gr.

Aðildarríki skuldbinda sig til að kynna meginreglur og ákvæði samnings þessa víða með viðeigandi og virkum hætti, jafnt börnum og fullorðnum.

#### 43. gr.

1. Til þess að kanna hvernig aðildarríkjum miðar við að koma í framkvæmd þeim skuldbindingum sem þau taka á sig með samningi þessum skal setja á stofn nefnd um réttindi barnsins, er fer með þau verkefni sem hér á eftir segir.

2. Í nefndinni skulu eiga sæti tíu sérfræðingar sem séu vammlausir og viðurkenndir fyrir hæfni á því sviði sem samningur þessi tekur til. Nefndarmenn skulu valdir af aðildarríkjum úr hópi ríkisborgara þeirra og starfa sem einstaklingar, en taka skal tillit til þess að landfræðileg dreifing sé sanngjörn, svo og til helstu réttarkerfa.

3. Nefndarmenn skulu kjörnir leynilegri kosningu af skrá um menn sem aðildarríki hafa tilnefnt. Hvert aðildarríki getur tilnefnt einn mann úr hópi eigin ríkisborgara.

4. Fyrsta kosning nefndarmanna skal fara fram eigi síðar en sex mánuðum eftir að samningur þessi öðlast gildi, og síðan annað hvert ár. Eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir hvern kjördag skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna senda aðildarríkjum bréf, og bjóða þeim að leggja fram tilnefningar sínar innan tveggja mánaða. Skal aðalframkvæmdastjóri síðan gera skrá í stafrófsröð um þá sem tilnefndir hafa verið, þar sem getið sé aðildarríkis þess sem tilnefndi, og leggja hana fyrir aðildarríkin.

5. Kosning skal fara fram á fundum aðildarríkja, sem aðalframkvæmdastjóri kallar saman í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Á fundunum, sem eru lögmætir ef tveir þriðju aðildarríkjanna sækja þá, skulu þeir teljast kosnir til nefndarinnar sem fá flest atkvæði og hreinan meiri hluta atkvæða fulltrúa aðildarríkja sem viðstaddir eru og greiða atkvæði.

6. Kjörtímabil nefndarmanna er fjögur ár. Þá má endurkjósa ef þeir eru tilnefndir að nýju. Kjörtímabil fimm þeirra nefndarmanna sem kosnir eru í fyrstu kosningu rennur út að liðnum

tveimur árum, og skal fundarstjóri velja nöfn þeirra með hlutkesti þegar er fyrsta kosning hefur farið fram.

7. Nú deyr nefndarmaður eða segir af sér, eða lýsir því yfir að hann geti ekki lengur sinnt nefndarstörfum af einhverjum öðrum ástæðum, og skal þá aðildarríki það sem tilnefndi hann tilnefna annan nefndarmann úr hópi ríkisborgara sinna er gegni störfum það sem eftir lifir kjörtímabilsins, enda samþykki nefndin það.

8. Nefndin setur sér sjálf starfsreglur.

9. Nefndin kys embættismenn sína til tveggja ára.

10. Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði haldnir í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna, eða á öðrum hentugum fundarstað að ákvörðun nefndarinnar. Nefndin skal yfirleitt koma saman árlega. Á fundi aðildarríkja að samningi þessum skal ákveðið, og endurmetið ef þörf krefur, hve lengi fundir nefndarinnar skuli standa að áskildu samþykki allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

11. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal sjá fyrir nauðsynlegu starfsliði og aðstöðu til þess að nefndin geti rækt starf sitt á fullnægjandi hátt samkvæmt samningi þessum.

12. Þeir sem sæti eiga í nefnd þeirri sem stofnuð er samkvæmt samningi þessum skulu, með samþykki allsherjarþingsins, fá þóknun úr sjóðum Sameinuðu þjóðanna, og með þeim skilmálum og skilyrðum sem þingið kann að ákveða.

#### 44. gr.

1. Aðildarríki skuldbinda sig til að láta nefndinni í té fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna skýrslur um það sem þau hafa gert til að koma í framkvæmd réttindum þeim sem viðurkennd eru í samningi þessum, og um hvernig miðað hefur í beitingu þeirra:

- a. innan tveggja ára frá því er samningur þessi hefur öðlast gildi gagnvart aðildarríki því sem í hlut á,
- b. og síðan á fimm ára fresti.

2. Í skýrslum sem gerðar eru samkvæmt þessari grein skal bent á þá þætti og þau vandkvæði, ef um það er að ræða, sem áhrif kunna að hafa á að hve miklu leyti tekist hefur að fullnægja þeim skuldbindingum sem kveðið er á um í samningi þessum. Í skýrslunum skulu einnig koma fram upplýsingar er nægja til að veita nefndinni gagngera yfirsýn yfir framkvæmd samningsins í viðkomandi landi.

3. Samningsríki, sem lagt hefur fyrir nefndina í upphafi alhliða skýrslu, þarf ekki í síðari skýrslum sínum til nefndarinnar samkvæmt b-lið 1. tölul. þessarar greinar að endurtaka grundvallarupplýsingar sem veittar hafa verið áður.

4. Nefndin getur óskað frekari upplýsinga frá aðildarríkjum sem skipta máli fyrir framkvæmd samningsins.

5. Nefndin skal fyrir milligöngu efnahags- og félagsmálaráðs leggja skýrslu um störf sín fyrir allsherjarþingið á tveggja ára fresti.

6. Hvert aðildarríki skal sjá um að skýrslur þess séu auðveldlega tiltækar almenningi í landi sínu.

## 45. gr.

Til að hlynna að virkri framkvæmd samnings þessa og stuðla að alþjóðlegri samvinnu á gildissviði hans:

- a. Eiga sérstofnanirnar, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna og aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna rétt á fyrirsvári þegar fjallað er um framkvæmd þeirra reglna samningsins sem skyldur þeirra varða. Nefndin getur boðið sérstofnununum, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna og öðrum þar til hæfum stofnunum að veita sérfræðilega ráðgjöf um framkvæmd samningsins á þeim sviðum sem varða skyldur hverrar stofnunar um sig, eins og hún telur henta. Nefndin getur boðið sérstofnununum, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna og öðrum stofnunum Sameinuðu þjóðanna að leggja fram skýrslur um framkvæmd samningsins á þeim sviðum sem falla innan starfssviðs þeirra.
- b. Skal nefndin eins og hún telur henta senda sérstofnununum, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna og öðrum hæfum stofnunum skýrslur aðildarríkja þar sem beiðni er borin fram um tæknilega aðstoð eða aðra hjálpi, eða þar sem fram kemur að slíks sé þörf, ásamt athugasemdum og tillögum nefndarinnar varðandi slíka beiðni eða ábendingu, ef við á.
- c. Getur nefndin mælt til þess við allsherjarþingið að það fari fram á við aðalframkvæmdastjóra að hann geri fyrir hönd nefndarinnar athuganir á tilgreindum álitafnum sem varða réttindi barnsins.
- d. Getur nefndin lagt fram tillögur og almenn tilmæli er byggjast á vitneskju sem henni hefur borist samkvæmt 44. og 45. gr. samnings þessa. Slíkar tillögur og almenn tilmæli skulu send hverju því aðildarríki sem málið varðar, og skal allsherjarþinginu skýrt frá þeim og athugasemdir aðildarríkja látnar fylgja, ef um þær er að ræða.

**III. hluti.**

## 46. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja.

## 47. gr.

Samningur þessi er háður fullgildingu. Fullgildingarskjölum skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

## 48. gr.

Öllum ríkjum skal heimilt að gerast aðilar að samningi þessum. Aðildarskjölum skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

## 49. gr.

1. Samningur þessi gengur í gildi á þrítugasta degi eftir að tuttugasta fullgildingar- eða aðildarskjalinu hefur verið komið til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

2. Gagnvart sérhverju ríki sem fullgildir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta fullgildingar- eða aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu skal hann öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að fullgildingar- eða aðildarskjali þess hefur verið komið í vörslu.

## 50. gr.

1. Sérhvert aðildarríki má bera fram breytingartillögu og fá hana skráða hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal síðan senda hana aðildarríkjum, ásamt tilmælum um að þau tilkynni hvort þau séu því hlynnt að haldin verði ráðstefna aðildarríkja til þess að athuga tillögurnar og greiða atkvæði um þær. Ef að minnsta kosti einn

Þriðji aðildarríkjanna er hlynntur slíkri ráðstefnu innan fjögurra mánaða frá því er tilmælin eru borin fram skal aðalframkvæmdastjórinn boða til hennar á vegum Sameinuðu þjóðanna. Sérhver breytingartillaga, sem samþykkt er af meiri hluta þeirra aðildarríkja sem ráðstefnuna sækja og atkvæði greiða, skal lögð fyrir allsherjarþingið til samþykktar.

2. Breytingartillaga, sem samþykkt er skv. 1. tölul. þessarar greinar, skal öðlast gildi þegar allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt hana og hún hefur verið staðfest af tveimur þriðju hluta aðildarríkjanna.

3. Þegar breytingartillaga öðlast gildi er hún bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa staðfest hana, en önnur aðildarríki skulu áfram bundin af samningi þessum og fyrri breytingum sem þau hafa samþykkt.

#### 51. gr.

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal taka við og framsenda öllum ríkjum texta þeirra fyrirvara sem ríki gera er þau fullgilda samninginn eða gerast aðilar að honum.

2. Ekki er heimilt að gera fyrirvara sem ósamrýmanlegur er markmiðum og tilgangi samnings þessa.

3. Fyrirvara má afturkalla hvenær sem er með tilkynningu um það til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem síðan skýrir öllum ríkjum frá því. Tilkynningin öðlast gildi á þeim degi er aðalframkvæmdastjóri tekur við henni.

#### 52. gr.

Aðildarríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Uppsögn öðlast gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjóri tekur við tilkynningunni.

#### 53. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna er tilnefndur vörsluaðili samnings þessa.

#### 54. gr.

Frumriti samnings þessa, en arabískur, enskur, franskur, kínverskur, rússneskur og spænskur texti hans eru jafngildir, skal komið til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

### **Valfrjáls bókun við samninginn um réttindi barnsins um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám.**

*Ríkin, sem eru aðilar að bókun þessari,*

*telja að til þess að ná enn frekar markmiðum samningsins um réttindi barnsins og koma ákvæðum hans í framkvæmd, einkum 1., 11., 21., 32., 33., 34., 35. og 36. gr., sé viðeigandi að aðildarríkin geri frekari ráðstafanir til þess að tryggja að barnið njóti verndar gegn sölu á börnum, barnavændi og barnaklámi,*

*telja einnig að samningurinn um réttindi barnsins viðurkenni rétt barnsins til þess að njóta verndar gegn arðráni og vinnu sem líklegt er að því stafi hætta af eða gæti komið niður á námi barnsins eða verið skaðlegt heilsu þess eða líkamlegum, sálrænum, andlegum, siðferðislegum eða félagslegum þroska,*

*hafa þungar áhyggjur af umtalsverðri og síaukinni verslun með börn milli landa í þeim tilgangi að selja þau, vegna barnavændis og barnakláms,*



*hafa af því alvarlegar áhyggjur* að kynlífsferðamennska, sem börn eru sérstaklega varnarlaus gegn, hefur breiðst út og færst í aukana, þar sem slíkt stuðlar að sölu á börnum, barnavændi og barnaklámi,

*viðurkenna* að til eru margir hópar sem eru sérlega varnarlausir, þar á meðal eru stúlku-börn, sem eru frekar í hættu á að sæta kynlífsmisnotkun og að fjöldi stúlkubarna er vantalinn meðal þeirra sem sæta kynlífsmisnotkun,

*hafa áhyggjur af* auknu framboði á barnaklámi á netinu og í gegnum aðra tækni sem er í þróun og með alþjóðaráðstefnuna um baráttuna gegn barnaklámi á netinu, sem haldin var í Vín 1999, í huga, einkum ályktun hennar um að krefjast þess að framleiðsla, dreifing, útflutningur, sending, innflutningur, eign af ásetningi og auglýsingar á barnaklámi verði flokkuð sem glæpsamlegt athæfi um heim allan og að leggja áherslu á mikilvægi náinnar samvinnu milli stjórnvalda og netiðnaðarins og að þau bindist samtökum,

*álíta* að með heildarnálgun verði auðveldara að útrýma sölu barna, barnavændi og barnaklámi, og með því að takast á við áhrifaþætti, þar á meðal vanþróun, fátækt, mismunandi efnahag, ójöfnuð í félagslegu og efnahagslegu skipulagi, vanhæfar fjölskyldur, menntunarskort, búferlaflutninga fólks úr sveit í borg, mismunun kynjanna, óábyrga kynlífshegðun fullorðinna, skaðlegar hefðir, vopnuð átök og verslun með börn,

*álíta* að aðgerða sé þörf til að auka skilning almennings í þeim tilgangi að draga úr eftirspurn neytenda eftir börnum sem söluvöru, barnavændi og barnaklámi og álíta einnig að mikilvægt sé að styrkja alheimssamtök allra þátttakenda og að bæta framkvæmd á landsvísu,

*vekja athygli* á ákvæðum alþjóðalagagerninga sem skipta máli vegna verndar á börnum, þar á meðal Haag-samningnum um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa, Haag-samningnum um einkaréttarleg áhrif af brotnámi barna til flutnings milli landa og Haag-samningnum um lögsögu, gildandi lög, viðurkenningu, fullnustu og samvinnu vegna ábyrgðar foreldra og aðgerða til verndar börnum og samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 182 um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlaugar aðgerðir til að afnema hana,

*finna til hvatningar* vegna yfirgnæfandi stuðnings við samninginn um réttindi barnsins sem sýnir hve útbreitt fylgið er við að stuðla að og vernda réttindi barnsins,

*viðurkenna* mikilvægi þess að komið verði í framkvæmd ákvæðum aðgerðaáætlunar um að hindra sölu á börnum, barnavændi og barnaklám og yfirlýsingu og dagskrá sem samþykkt var á heimspingi í Stokkhólmi dagana 27. til 31. ágúst 1996 um aðgerðir gegn því að hafa börn að féþúfu og til kynlífsnota, og öðrum ákvörðunum og tilmælum viðeigandi alþjóðlegra stofnana sem máli skipta,

*taka tilhlýðilegt tillit* til þess hversu siðvenjur og menningarleg gildi sérhverrar þjóðar eiga stóran þátt í því að vernda barnið og tryggja að það þroskist á jákvæðan hátt,

*og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:*

1. gr.

Aðildarríki skulu banna sölu á börnum, barnavændi og barnaklám eins og kveðið er á um í bókun þessari.

2. gr.

Í bókun þessari merkir:

- a. *sala á börnum*: hvers kyns aðgerð eða viðskipti þar sem einstaklingur eða hópur fólks framselur öðrum barn gegn þóknun eða hvers kyns öðru endurgjaldi;

- b. *barnavændi*: notkun barns í kynlífsathöfnum gegn þóknun eða hvers kyns öðru endurgjaldi;
- c. *barnaklám*: hvers kyns framsetning, með hvaða hætti sem hún er, á barni sem tekur þátt í augljósum kynlífsathöfnum, við raunverulegar eða tilbúnar aðstæður eða hvers kyns framsetning á kynfærum barns þegar megintilgangurinn með henni tengist kynlífi.

## 3. gr.

1. Hvert aðildarríki skal að lágmarki tryggja að eftirfarandi aðgerðir og athafnir falli að öllu leyti undir hegningar- og refsilög þar í landi hvort sem brotin eru framin í landinu eða milli landa eða hvort um einstök eða skipulögð tilvik er að ræða:

- a. þegar um er að ræða sölu á börnum eins og hún er skilgreind í 2. gr.:
  - i. að bjóða, afhenda eða þiggja barn, með hvaða hætti sem er, í þeim tilgangi að:
    - a. misnota barnið í kynlífi;
    - b. hagnast á líffæraflutningi úr barninu;
    - c. setja barnið í vinnuþrælkun;
  - ii. að fá fram, sem milligöngumaður, samþykki fyrir ættleiðingu barns á óviðeigandi hátt og með því að brjóta gegn gildandi alþjóðalagagerningum um ættleiðingu;
- b. að bjóða, ná í, festa kaup á eða útvega barn vegna barnavændis, eins og það er skilgreint í 2. gr.;
- c. að framleiða, dreifa, breiða út, flytja inn, flytja út, bjóða, selja eða eiga barnaklám í þeim tilgangi sem að framan greinir eins og það er skilgreint í 2. gr.

2. Með fyrirvara um ákvæði í landslögum aðildarríkis skal hið sama gilda um tilraun til að fremja einhverja þessara athafna og um samsekt eða þátttöku í einhverri þessara athafna.

3. Hvert aðildarríki skal gera þessi brot refsiverð með viðeigandi hegningu þar sem tekið er tillit til þess hversu alvarleg þau eru.

4. Með fyrirvara um ákvæði í landslögum skal hvert aðildarríki gera ráðstafanir, þar sem við á, til að færa sönnur á ábyrgð lögaðila vegna brota sem staðfest eru í 1. mgr. þessarar greinar. Með fyrirvara um lagalegar meginreglur í aðildarríkinu getur, að því er lögaðila varðar, verið um að ræða refsíábyrgð, einkaréttarábyrgð eða stjórnarsýsluábyrgð.

5. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi lagalegar og stjórnarsýslulegar ráðstafanir til að tryggja að allir einstaklingar sem hlut eiga að máli við ættleiðingu barns aðhafist í samræmi við þá alþjóðalagagerninga sem við eiga.

## 4. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að færa sönnur á lögsögu þess yfir brotunum sem vísað er til í 1. mgr. 3. gr. þegar brotin eru framin á yfirráðasvæði þess eða um borð í skipi eða flugvél sem skráð er í því ríki.

2. Hvert aðildarríki getur gert þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að koma á lögsögu þess vegna þeirra brota sem um getur í 1. mgr. 3. gr. í eftirfarandi tilvikum:

- a. ef meintur afbrotamaður er ríkisborgari þess ríkis eða einstaklingur með fasta búsetu á yfirráðasvæði þess;
- b. ef fórnarlambið er ríkisborgari þess ríkis.

3. Hvert aðildarríki skal einnig gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að koma á lögsögu sinni yfir þeim brotum sem nefnd eru hér að framan þegar meintur af-

brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki til annars aðildarríkis af þeirri ástæðu að brotið hafi verið framið af ríkisborgara í því ríki.

4. Þessi bókun undanskilur ekki neina refsilögsögu sem er beitt í samræmi við innlend lög.

#### 5. gr.

1. Brotin, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., skulu flokkuð sem afbrot sem geta varðað framsali í öllum framsalssamningum sem til eru á milli aðildarríkja og sem afbrot sem geta varðað framsali í öllum framsalssamningum sem síðar verða gerðir milli þeirra í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í þessum samningum.

2. Ef aðildarríki, sem setur það skilyrði fyrir framsali að til sé samningur, fær beiðni um framsal frá öðru aðildarríki sem það hefur ekki framsalssamning við má líta á þessa bókun sem lagalegan grunn fyrir framsali með tilliti til þessara brota. Framsal skal háð skilyrðum sem kveðið er á um í lögum ríkisins sem beiðni er beint til.

3. Aðildarríki, sem ekki setja það skilyrði fyrir framsali að til sé samningur, skulu sín í milli viðurkenna þessi brot sem afbrot sem varða framsali með fyrirvara um skilyrðin sem kveðið er á um í lögum ríkisins sem beiðni er beint til.

4. Að því er varðar framsal milli aðildarríkja skal fara með þessi afbrot eins og þau hefðu ekki aðeins verið framin á þeim stað þar sem þau áttu sér stað heldur einnig á yfirráðasvæði þeirra ríkja sem farið er fram á að færi sönnur á lögsögu sína í samræmi við 4. gr.

5. Ef beiðni um framsal með tilliti til brots sem lýst er í 1. mgr. 3. gr. kemur fram og ef aðildarríkið sem beiðni er beint til fer ekki fram á eða vill ekki verða við beiðni um framsal vegna ríkisfangs brotamannsins skal það ríki gera tilheyrandi ráðstafanir til að leggja málið fyrir lögbær yfirvöld þess til saksóknar.

#### 6. gr.

1. Aðildarríki skulu gefa hvert öðru kost á ómældri aðstoð í tengslum við málsmeðferð vegna rannsókna, saksókna eða framsals sem varðar þau afbrot sem sett eru fram í 1. mgr. 3. gr., þar á meðal aðstoð við að afla sönnunargagna sem þau hafa handbær og eru nauðsynleg málsmeðferðinni.

2. Aðildarríki skulu standa við skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við samninga eða annars konar samkomulag um gagnkvæma réttarástoð sem kann að vera í gildi milli þeirra. Þegar slíkir samningar eða samkomulag er ekki fyrir hendi skulu aðildarríkin veita hvert öðru aðstoð í samræmi við landslög.

#### 7. gr.

Aðildarríki skulu, með fyrirvara um ákvæði í landslögum þeirra:

- a. gera ráðstafanir til að kveða á um haldlagningu og eignaupptöku, eftir því sem við á, á:
  - i. búnaði, eins og efnum, eignum og öðrum hlutum sem notaðir eru til að fremja afbrot eða auðvelda þau samkvæmt bókun þessari;
  - ii. hagnaði sem fenginn er með slíkum afbrotum;
- b. framkvæma beiðnir frá öðrum aðildarríkjum um haldlagningu og eignaupptöku muna eða hagnaðar sem um getur í i-lið a-liðar;
- c. gera ráðstafanir sem miða að því að loka tímabundið eða til frambúðar athafnasvæðum sem notuð eru til að fremja slík afbrot á.

## 8. gr.

1. Aðildarríki skulu samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að vernda réttindi og hagsmuni barna sem eru fórnarlömb þeirra athafna sem eru bannaðar samkvæmt þessari bókun á öllum meðferðarstigum sakamáls, sérstaklega með því að:

- a. viðurkenna varnarleysi barna sem eru fórnarlömb og aðlaga málsmeðferð þannig að tekið sé tillit til sérstakra þarfa þeirra, þar á meðal sérstakra þarfa þeirra sem vitna;
- b. upplýsa börn sem eru fórnarlömb um réttindi þeirra, hlutverk þeirra og umfang, tíma- og framvindu málsmeðferðarinnar og lúkningu mála þeirra;
- c. gefa færi á að sjónarmið, þarfir og áhyggjuefni barna sem eru fórnarlömb komi fram og séu tekin til greina við málsmeðferð þar sem persónulegir hagsmunir þeirra eru í húfi á þann hátt sem er í samræmi við málsmeðferðarreglur landslaga;
- d. veita börnum sem eru fórnarlömb viðeigandi stuðningsþjónustu meðan á málarekstri stendur;
- e. vernda, eftir því sem við á, einkalíf og upplýsingar um hver þau börn eru sem eru fórnarlömb og gera ráðstafanir í samræmi við landslög til að forðast óviðeigandi dreifingu upplýsinga sem gætu leitt til þess að borin væru kennsl á börn sem eru fórnarlömb;
- f. sjá til þess, þegar við á, að tryggja öryggi barna sem eru fórnarlömb, fjölskyldna þeirra og þeirra sem vitna í þeirra þágu, gegn ógnunum og hefndum;
- g. forðast óþarfa tafir í lúkningu mála og framkvæmd fyrirmæla og réttarúrskurðar þar sem börnum sem eru fórnarlömb eru ákvarðaðar skaðabætur.

2. Aðildarríki skulu tryggja að óvissa um raunverulegan aldur fórnarlambins komi ekki í veg fyrir að hafin sé rannsókn sakamáls, þar á meðal rannsókn sem miðar að því að komast að aldri fórnarlambins.

3. Aðildarríki skulu tryggja að fyrst og fremst sé hugað að hvernig hagmunum barnsins sé best borgið í meðferð réttarkerfisins á börnum sem eru fórnarlömb þeirra afbrota sem er lýst í þessari bókun.

4. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að tryggja viðeigandi menntun fyrir þá einstaklinga sem vinna með fórnarlömbum afbrotanna sem eru bönnuð samkvæmt þessari bókun, sérstaklega í lögum og sálfræði.

5. Aðildarríki skulu, þegar við á, samþykkja ráðstafanir til þess að tryggja öryggi og heiðarleika þeirra einstaklinga og/eða samtaka sem taka þátt í fyrirbyggjandi aðgerðum og/eða vernd og endurhæfingu fórnarlamba slíkra afbrota.

6. Ekkert í þessari grein skal túlkað sem skaðlegt eða í ósamræmi við réttindi hins ákærða til að fá réttláta og óhlutdræga dómsmeðferð.

## 9. gr.

1. Aðildarríki skulu samþykkja eða efla, framkvæma og breiða út lög, stjórnsluaðgerðir, félagslega stefnu og áætlanir til að koma í veg fyrir afbrotin sem um getur í þessari bókun. Sérstaka athygli skal gefa því að vernda börn sem standa sérstaklega varnarlaus gagnvart þessum athöfnum.

2. Aðildarríki skulu með öllum viðeigandi ráðum veita upplýsingar, menntun og fræðslu sem stuðlar að því að allur almenningur, þar á meðal börn, vakni til vitundar um skaðleg áhrif þeirra afbrota sem um getur í þessari bókun og um forvarnarráðstafanir gegn þeim. Aðildarríki skulu til að fullnægja skuldbindingum sínum samkvæmt þessari grein hvetja til þátttöku samfélagsins, sérstaklega barna og þeirra barna sem eru fórnarlömb, til að veita þessar upplýsingar, menntun og fræðslu, þar á meðal á alþjóðlegum vettvangi.

3. Aðildarríki skulu gera allar raunhæfar ráðstafanir með það að markmiði að tryggja alla viðeigandi aðstoð við fórnarlömb slíkra afbrota, þar á meðal að þau aðlagist samfélaginu á ný og hljóti fullan líkamlegan og sálrænan bata.

4. Aðildarríki skulu tryggja að öll börn sem eru fórnarlömb afbrotanna sem lýst er í þessari bókun eigi rétt á fullnægjandi málsmeðferð til að krefjast, án mismununar, skaðabóta vegna tjónsins frá þeim sem bera lagalega ábyrgð.

5. Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir sem miða að því að banna á skilvirkan hátt framleiðslu og dreifingu efnis þar sem auglýst eru afbrot þau sem lýst er í þessari bókun.

#### 10. gr.

1. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að efla alþjóðlegt samstarf með marghliða, svæðisbundinni og tvíhliða tilhögun í því skyni að hindra, ljósra upp um, rannsaka, saksækja og refsa þeim sem bera ábyrgð á gerðum sem felast í sölu á börnum, barnavændi, barnaklámi og kynlífsferðamennsku tengdri börnum. Aðildarríki skulu einnig hvetja til alþjóðasamvinnu og samræmingar milli yfirvalda í ríkjunum, innlendra og alþjóðlegra frjálsra félagasamtaka og alþjóðasamtaka.

2. Aðildarríki skulu stuðla að alþjóðlegri samvinnu til að aðstoða börn sem eru fórnarlömb við að ná líkamlegum og sálrænum bata, aðlagast samfélaginu á ný og senda þau til heimkynna sinna.

3. Aðildarríki skulu stuðla að því að efla alþjóðlega samvinnu í því skyni að taka á grundvallarorsökunum fyrir varnarleysi barna, sölu á börnum, barnavændi, barnaklámi og kynlífsferðamennsku tengdri börnum, til að mynda fátækt og vanþróun.

4. Aðildarríki sem hafa tækifæri til þess skulu veita fjárhagslega, tæknilega eða aðra aðstoð með marghliða, svæðisbundnum, tvíhliða eða öðrum áætlunum sem til eru.

#### 11. gr.

Ekkert í bókun þessari skal hafa áhrif á neinar reglur sem stuðla frekar að því að réttindi barnsins komist til framkvæmda og kunna að vera í:

- a. lögum aðildarríkis;
- b. alþjóðalögum sem í gildi eru að því er það ríki varðar.

#### 12. gr.

1. Hvert aðildarríki skal, innan tveggja ára frá því að bókunin öðlast gildi að því er það aðildarríki varðar, leggja skýrslu fyrir nefndina um réttindi barnsins þar sem fram koma ítarlegar upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að koma ákvæðum bókunarinnar í framkvæmd.

2. Eftir framlagningu þessarar ítarlegu skýrslu skal hvert aðildarríki, í samræmi við 44. gr. samningsins, láta allar frekari upplýsingar í tengslum við framkvæmd bókunarinnar koma fram í skýrslum sem þau leggja fyrir nefndina um réttindi barnsins. Önnur aðildarríki bókunarinnar skulu leggja fram skýrslu á fimm ára fresti.

3. Nefndin um réttindi barnsins getur óskað eftir að aðildarríki leggi fram frekari upplýsingar sem skipta máli fyrir framkvæmd bókunar þessarar.

#### 13. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu sérhvers ríkis sem er aðili að samningnum eða hefur undirritað hann.

2. Bókun þessi er háð fullgildingum og er sérhverju ríki, sem er aðili að samningnum eða hefur undirritað hann, heimilt að gerast aðili að henni. Fullgildingar- og aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

14. gr.

1. Bókun þessi skal öðlast gildi þremur mánuðum eftir að tíunda fullgildingar- eða aðildarskjalið er afhent til vörslu.

2. Að því er varðar hvert ríki sem fullgildir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir að hún hefur öðlast gildi öðlast bókun þessi gildi einum mánuði eftir að það ríki hefur afhent til vörslu eigið fullgildingar- eða aðildarskjál.

15. gr.

1. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er sagt upp bókun þessari með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal eftir það tilkynna það öðrum aðildarríkjum samningsins og öllum ríkjum sem hafa undirritað samninginn. Uppsögnin skal öðlast gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna tekur við tilkynningunni.

2. Slík uppsögn skal ekki hafa þau áhrif að aðildarríkið sé leyst undan neinum skuldbindingum sínum samkvæmt bókun þessari að því er varðar nokkurt brot sem á sér stað fyrir þann dag sem uppsögnin öðlast gildi. Uppsögn skal eigi heldur á nokkurn hátt hafa áhrif á áframhaldandi meðferð máls sem þegar var til meðferðar hjá nefndinni fyrir þann dag sem uppsögnin öðlaðist gildi.

16. gr.

1. Sérhvert aðildarríki má gera breytingartillögu og fá hana skráða hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal því næst senda breytingartillöguna til aðildarríkjanna ásamt tilmælum um að þau tilkynni hvort þau séu því hlynt að haldin verði ráðstefna aðildarríkja til þess að taka tillögurnar til meðferðar og greiða atkvæði um þær. Ef að minnsta kosti einn þriðji hluti aðildarríkjanna er hlyntur slíkri ráðstefnu innan fjögurra mánaða frá þeim degi er tilmælin voru borin fram skal aðalframkvæmdastjórinn boða til hennar undir forystu Sameinuðu þjóðanna. Sérhver breytingartillaga sem samþykkt er af meiri hluta þeirra aðildarríkja sem ráðstefnuna sækja og atkvæði greiða skal lögð fyrir allsherjarþingið til samþykktar.

2. Breytingartillaga sem samþykkt er skv. 1. mgr. þessarar greinar skal öðlast gildi þegar allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt hana og hún hefur verið staðfest af tveimur þriðju hlutum aðildarríkjanna.

3. Þegar breytingartillaga öðlast gildi skal hún vera bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa staðfest hana en önnur aðildarríki skulu áfram bundin af ákvæðum þessarar bókunar og öllum fyrri breytingum sem þau hafa samþykkt.

17. gr.

1. Bókun þessari, en arabískur, enskur, franskur, kínverskur, rússneskur og spænskur texti hennar eru jafngildir, skal komið til vörslu í skjalasafni Sameinuðu þjóðanna.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda staðfest afrit af bókun þessari til allra aðildarríkja samningsins og allra ríkja sem hafa undirritað samninginn.

**Valfrjáls bókun við samninginn um réttindi barnsins  
um þátttöku barna í vopnuðum átökum.**

*Ríkin, sem aðilar eru að bókun þessari,*

*finna til hvatningar vegna yfirgnæfandi stuðnings við samninginn um réttindi barnsins sem sýnir hve útbreitt fylgið er við að stuðla að og berjast fyrir verndun réttinda barnsins,*

*lýsa því yfir enn á ný að réttindi barna þarfnast sérstakrar verndar og kalla á að stöðugt sé unnið að umbótum á aðstæðum barna án mismununar og að þau fái að þroskast og mennta sig við aðstæður þar sem friður og öryggi ríkir,*

*er brugðið vegna skaðlegra og útbreiddra áhrifa sem vopnuð átök hafa á börn og afleiðinganna, þegar til lengri tíma er litið, sem þau hafa í för með sér á varanlegan frið, öryggi og þróun,*

*fordæma að börn séu notuð sem skotmörk þar sem vopnuð átök eiga sér stað og að beinar árásir séu gerðar á fyrirbæri sem njóta verndar samkvæmt þjóðarétti, þar með talið staði þar sem búast má við að mikið sé af börnum, til dæmis skóla og sjúkrahús,*

*vekja athygli á að samþykktin um Alþjóðlega sakamáladómstólinn hefur verið samþykkt og sérstaklega að í henni er það talinn stríðsglæpur að kveðja til að gegna herskyldu börn undir 15 ára aldri eða skrá þau í herinn eða láta þau taka virkan þátt í hernaðaráttökum, hvort sem um er að ræða vopnuð átök milli ríkja eða innan lands,*

*telja því að til þess að styrkja enn frekar framkvæmd þeirra réttinda sem viðurkennd eru í samningnum um réttindi barnsins þurfi að vernda börn í auknum mæli gegn því að taka þátt í vopnuðum átökum,*

*vekja athygli á að í 1. gr. samningsins um réttindi barnsins er tekið fram, að því er varðar þann samning, að barn merki hvern þann einstakling sem ekki hefur náð 18 ára aldri nema hann nái lögræðisaldri fyrir samkvæmt gildandi lögum sem hann lýtur,*

*eru sannfærð um að valfrjáls bókun við samninginn, þar sem aldursmörk vegna mögulegrar herkvaðningar í vopnaða heri og þátttöku í hernaðaráttökum eru hækkuð, muni stuðla að árangri við framkvæmd þeirrar meginreglu að fyrst og fremst skuli tekið tillit til þess, að því er varðar allar ráðstafanir vegna barna, hvernig hagsmunum barnsins sé best borgið,*

*vekja athygli á að á tuttugustu og sjöttu alþjóðlegu ráðstefnu Rauða krossins og Rauða hálfmánans í desember 1995 var m.a. mælt til þess að aðilar sem eiga í átökum geri allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að börn yngri en 18 ára taki ekki þátt í hernaðaráttökum,*

*fagna því að samþykkt Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar nr. 182 um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlaugar aðgerðir til að afnema hana var samþykkt einróma í júní 1999 sem m.a. bannar að þvinga eða skylda börn til herþjónustu til þess að nota þau í vopnuðum átökum,*

*fordæma og lýsa yfir alvarlegum áhyggjum yfir því að börn séu kvödd til, þjálfuð og notuð í átökum vopnaðra hópa, annarra en ríkisherja, innan landamæra og yfir landamæri og viðurkenna ábyrgð þeirra sem kveðja til, þjálfar og nota börn til slíkra verka,*

*minna á að það er skylda hvers sem á aðild að vopnuðum átökum að hlýða ákvæðum þjóðaréttar um mannúðarmál,*

*leggja áherslu á að þessi bókun er með fyrirvara um markmið og meginreglur í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar með talið 51. gr., og viðeigandi viðmiðanir laga um mannúðarmál,*

*hafa í huga að skilyrði um frið og öryggi sem byggjast á fullri virðingu fyrir markmiðum og meginreglum sáttmálans og að löggerningum um mannréttindi sé hlýtt eru lífsnauðsynleg til að veita megi börnum fulla vernd, sérstaklega í vopnuðum átökum og meðan á hernámi stendur,*

*viðurkenna sérstakar þarfir þeirra barna sem eru sérstaklega varnarlaus gagnvart herkvaðningu eða þátttöku í hernaðaráttökum sem ganga þvert á þessa bókun vegna efnahagslegrar eða félagslegrar stöðu eða kynferðis,*

*eru minnug þess að nauðsyn krefst þess að hugað sé að efnahagslegum, félagslegum og stjórnmalalegum orsökum þess að börn taka þátt í vopnuðum átökum,*

*eru þess fullviss að þörf er á að efla alþjóðasamstarf við framkvæmd þessarar bókunar auk þess að þau börn sem eru fórnarlömb vopnaðra átaka fái líkamlega og sálræna endurhæfingu og aðlagist samfélaginu á ný,*

*hvetja til þátttöku samfélagsins, sérstaklega barna og þeirra barna sem eru fórnarlömb, í að dreifa kynningar- og fræðsluáætlunum sem varða framkvæmd bókunarinnar, og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:*

1. gr.

Aðildarríki skulu gera allar raunhæfar ráðstafanir til að tryggja að liðsmenn vopnaðra herja þeirra sem ekki hafa náð 18 ára aldri taki ekki beinan þátt í hernaðaráttökum.

2. gr.

Aðildarríki skulu tryggja að einstaklingar sem hafa ekki náð 18 ára aldri séu ekki skyldaðir til herþjónustu í vopnuðum herjum þeirra.

3. gr.

1. Aðildarríki skulu hækka lágmarksaldur vegna skráningar sjálfboðaliða í heri landsins frá því sem tilgreint er í 3. mgr. 38. gr. samningsins um réttindi barnsins með tilliti til meginreglnanna í greininni og viðurkenna að samkvæmt samningnum eiga einstaklingar yngri en 18 ára rétt á sérstakri vernd.

2. Hvert aðildarríki skal, við fullgildingu bókunarinnar eða aðild að henni, afhenda til vörslu bindandi yfirlýsingu þar sem tilgreindur er sá lágmarksaldur sem það mun miða skráningu sjálfboðaliða í vopnaðar hersveitir landsins við og lýsing á þeim öryggisráðstöfunum sem það hefur samþykkt til að tryggja að slík skráning sé ekki vegna nauðungar eða þvingunar.

3. Aðildarríki sem leyfa skráningu sjálfboðaliða yngri en 18 ára í vopnaðar hersveitir lands síns skulu vinna að öryggisráðstöfunum til að tryggja að lágmarki að:

- a. slík skráning sé í raun af frjálsum vilja;
- b. slík skráning sé með upplýstu samþykki foreldra eða lögráðamanna einstaklingsins;
- c. slíkir einstaklingar hafi fengið allar upplýsingar um þær skyldur sem felast í slíkri herþjónustu;
- d. slíkir einstaklingar leggi fram áreiðanlegar sannanir um aldur sinn áður en þeir eru teknir í herinn.

4. Hvert aðildarríki getur hvenær sem er styrkt yfirlýsingu sína með því að senda tilkynningu í því skyni til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem kunngjörir hana öllum aðildarríkjunum. Slík tilkynning öðlast gildi á þeim degi sem aðalframkvæmdastjórinn tekur við henni.

5. Krafan um að hækka aldurinn í 1. mgr. þessarar greinar gildir ekki um skóla, sem starfræktir eru eða stjórnað er af herjum aðildarríkjanna, í samræmi við 28. og 29. gr. samningsins um réttindi barnsins.



## 4. gr.

1. Vopnaðir hópar, aðrir en her ríkis, skulu ekki undir neinum kringumstæðum skrá einstaklinga yngri en 18 ára í herinn eða beita þeim í hernaðaráttökum.

2. Aðildarríki skulu gera allar raunhæfar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíka skráningu og beitingu, þar á meðal að samþykkja nauðsynleg lagaákvæði til að banna slíkar aðgerðir og gera þær refsiverðar.

3. Beiting þessarar greinar samkvæmt bókun þessari hefur ekki áhrif á réttarstöðu neins þátttakanda í vopnuðum átökum.

## 5. gr.

Ekki skal túlka neitt í þessari bókun þannig að það útiloki ákvæði í lögum aðildarríkis eða í alþjóðagerningum og ákvæðum þjóðaréttar um mannréttindi sem styður frekar að réttindi barnsins komi til framkvæmda.

## 6. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir er varða lög og stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja virka framkvæmd og fullnustu ákvæða þessarar bókunar innan lögsögu sinnar.

2. Aðildarríki skuldbinda sig til að breiða út og kynna með viðeigandi hætti meginreglur og ákvæði þessarar bókunar, jafnt fyrir fullorðnum sem börnum.

3. Aðildarríki skulu gera allar raunhæfar ráðstafanir til að tryggja að einstaklingar innan lögsögu þeirra sem hafa verið skráðir í herinn eða beitt í hernaðaráttökum andstætt þessari bókun séu afvopnaðir eða veitt lausn frá þjónustu á annan hátt. Aðildarríki skulu, þegar nauðsynlegt er, veita þessum einstaklingum alla viðeigandi aðstoð til að þeir nái líkamlegum og sálrænum bata og aðlagist samfélaginu á ný.

## 7. gr.

1. Aðildarríki skulu vinna saman að framkvæmd þessarar bókunar, þar á meðal að koma í veg fyrir alla starfsemi sem er andstæð bókuninni og við endurhæfingu og aðlögun einstaklinga sem eru fórnarlömb aðgerða sem eru andstæðar þessari bókun, þar á meðal með tæknilegri samvinnu og fjárhagsaðstoð. Slík aðstoð og samvinna skal gerð í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki og viðeigandi alþjóðastofnanir.

2. Aðildarríki sem eru í þeirri aðstöðu að geta veitt aðstoð skulu gera það í gegnum marghliða eða tvíhliða áætlanir eða aðrar áætlanir eða m.a. í gegnum frjálsan sjóð sem stofnsettur er í samræmi við reglur allsherjarþingsins.

## 8. gr.

1. Hvert aðildarríki skal innan tveggja ára frá því að bókunin öðlast gildi að því er það aðildarríki varðar leggja fyrir nefndina um réttindi barnsins skýrslu þar sem fram koma ítarlegar upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að koma ákvæðum bókunarinnar í framkvæmd, þar á meðal ráðstafanir sem gerðar eru til að koma ákvæðunum um þátttöku og herskráningu í framkvæmd.

2. Eftir að hin ítarlega skýrsla hefur verið lögð fram skal hvert aðildarríki, í samræmi við 44. gr. sammingsins, láta allar frekari upplýsingar í tengslum við framkvæmd bókunarinnar koma fram í skýrslunum sem þau leggja fyrir nefndina um réttindi barnsins. Önnur aðildarríki bókunarinnar skulu leggja fram skýrslu á fimm ára fresti.

3. Nefndin um réttindi barnsins getur óskað eftir að aðildarríki leggi fram frekari upplýsingar sem máli skipta fyrir framkvæmd bókunarinnar.

9. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu sérhvers ríkis sem er aðili að samningnum eða hefur undirritað hann.

2. Bókun þessi er háð fullgildingu og er öllum ríkjum heimilt að gerast aðilar að henni. Fullgildingar- og aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

3. Í krafti umboðs síns sem vörsluaðili samningsins og bókunarinnar skal aðalframkvæmdastjórinn tilkynna öllum aðildarríkjum samningsins og öllum ríkjum sem hafa undirritað samninginn um hvert yfirlýsingarskjal skv. 13. gr.

10. gr.

1. Bókun þessi skal öðlast gildi þremur mánuðum eftir að tíunda fullgildingar- eða aðildarskjalið er afhent til vörslu.

2. Að því er varðar hvert ríki sem fullgildir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir að hún hefur öðlast gildi öðlast bókun þessi gildi einum mánuði eftir að það ríki hefur afhent eigið skjal um fullgildingu eða aðild til vörslu.

11. gr.

1. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er sagt upp bókun þessari með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal eftir það tilkynna það hinum aðildarríkjum samningsins og öllum ríkjum sem hafa undirritað samninginn. Uppsögnin skal öðlast gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjórinn tekur við tilkynningunni. Ef aðildarríkið við lok þess árs á í vopnuðum átökum öðlast uppsögnin hins vegar ekki gildi fyrr en endi hefur verið bundinn á átökin.

2. Slík uppsögn skal ekki hafa þau áhrif að aðildarríkið sé leyst undan skuldbindingum sínum samkvæmt bókun þessari að því er varðar nokkrar aðgerðir sem eiga sér stað fyrir þann dag sem uppsögnin öðlast gildi. Uppsögnin skal eigi heldur á nokkurn hátt hafa áhrif á áframhaldandi meðferð máls sem þegar var til meðferðar hjá nefndinni fyrir þann dag sem uppsögnin öðlaðist gildi.

12. gr.

1. Sérhvert aðildarríki má bera fram breytingartillögu og fá hana skráða hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal því næst senda breytingartillöguna til aðildarríkjanna ásamt tilmælum um að þau tilkynni hvort þau séu því hlynnt að haldin verði ráðstefna aðildarríkjanna til þess að taka til meðferðar tillögurnar og greiða atkvæði um þær. Ef að minnsta kosti einn þriðji hluti aðildarríkjanna er hlynntur slíkri ráðstefnu innan fjögurra mánaða frá þeim degi er tilmælin voru borin fram skal aðalframkvæmdastjórinn boða til hennar undir forystu Sameinuðu þjóðanna. Sérhver breytingartillaga sem samþykkt er af meiri hluta þeirra aðildarríkjanna sem ráðstefnuna sækja og atkvæði greiða skal lögð fyrir allsherjarþingið til samþykktar.

2. Breytingartillaga sem samþykkt er skv. 1. mgr. þessarar greinar skal öðlast gildi þegar allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt hana og hún hefur verið staðfest af tveimur þriðju hlutum aðildarríkjanna.

3. Þegar breytingartillaga öðlast gildi skal hún vera bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa staðfest hana en önnur aðildarríki skulu áfram bundin af ákvæðum þessarar bókunar og öllum fyrri breytingum sem þau hafa samþykkt.

13. gr.

1. Bókun þessi, en arabískur, enskur, franskur, kínverskur, rússneskur og spænskur texti hennar eru jafngildir, skal varðveitt í skjalasafni Sameinuðu þjóðanna.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda staðfest afrit af bókun þessari til allra aðildarríkja samningsins og allra ríkja sem hafa undirritað samninginn.